

Vogabú ehf.  
b.t. Ólafar Þ. Hallgrímsdóttur  
Vogum  
660 Mývatn

Akureyri 20. apríl 2018  
UST201803-387/H.V.  
09.07.01

**Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu móttöku- og biðaðstöðu við  
Vogafjós í Mývatnssveit**

Umhverfisstofnun barst þann 12. október 2017 umsókn Ólafar Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu 120 m<sup>2</sup> móttöku- og biðaðstöðu við Vogafjósa innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 97/2004, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Umhverfisstofnun skal leita umsagna Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsóknir um leyfi. Samkvæmt 24. gr. sömu reglugerðar skal skólp vera hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

**Lýsing framkvæmdar**

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna viðbyggingar við Vogafjós í Mývatnssveit. Vogafjós er fjós með samþyggðum veitingastað sem tekur 90 manns í sæti og er nú tengt við stóra rotþró. Framkvæmdin sem sótt er um leyfi fyrir verður öll innan svæðis sem þegar er raskað.

Sótt er um leyfi til að reisa 120 m<sup>2</sup> byggingu með 4,53 m mænishæð fyrir móttöku- og biðaðstöðu austan núverandi húss. Samkvæmt grunnmynd af húsinu sem fylgir umsókninni er gert ráð fyrir móttöku, bar, biðaðstöðu og sveitabúð í viðbyggingunni. Fjöldi starfsmanna við framkvæmdina verður 1-20 manns á mismunandi tímum eftir framvindu verksins. Ekki er gert ráð fyrir uppsetningu annarra mannvirkja á meðan á

framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir vélavinnu vegna jarðvinnslu og uppsteypu. Ekki er þörf á að fara út fyrir vegi eða göngustíga innan verndarsvæðisins vegna framkvæmdanna þar sem þær munu fara fram þar sem núverandi bílastæði er staðsett á lóð Vogafjóss.

### **Fyrri afgreiðsla**

Með bréfi, dags. 21. desember 2017, synjaði Umhverfisstofnun umsókn um leyfi fyrir byggingu móttöku- og biðaðstöðu við Vogafjós að svo stöddu. Í umræddu bréfi var tekið fram að verði lögð fram ný gögn um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa vegna frárennslis Vogafjóss geti Umhverfisstofnun tekið málið upp að nýju. Rökstuðning fyrir framangreindri afgreiðslu má sjá í fyrrgreindu bréfi. Umhverfisstofnun taldi stækkunina til þess fallna að auka nýtingu á þjónustu og auka þar með álag á lífríki Mývatns þrátt fyrir að ekki væru skipulögð fleiri salerni í byggingunni. Fyrir lá að fráveita Vogafjóss uppfyllti ekki skilyrði 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012, um að skólp á verndarsvæði Mývatns og Laxár skuli hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra hafði veitt Vogafjósi frest til 31. desember 2017 til að skila tímasettri áætlun um úrbætur þar sem fram kæmi hvernig og fyrir hvaða tíma rekstraraðili muni tengjast fráveitu sem er búin hreinsivirkni sem fullnægir kröfum um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa eða hvort rekstraraðili muni fremur notast við lokað fráveitukerfi. Við fyrri afgreiðslu málsins lá ekki fyrir samþykkt úrbótaáætlun vegna frárennslis Vogafjós.

### **Ný gögn**

Á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra þann 14. mars 2018 var samþykkt sameiginleg úrbótaáætlun sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og rekstraraðila vegna fráveitumála í Skútustaðahreppi árin 2018-2021. Í áætluninni kemur fram að hún sé fjármögnuð að fullu og meginmarkmiðum skipt upp í áfanga til fjögurra ára, en jafnframt horft til lengri tíma með fullvinnslu. Umbótaáætlunin byggir á því að aðskilja svartvatn og grávatn og söfnun svartvatns í lokaðan tank og endurnýtingu næringarefna til uppgræðslu á Hólasandi í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Í úrbótaáætluninni kemur fram að vegna veitingastaðar sé áætlað að ráðast í úrbætur í samræmi við áætlunina árið 2018 og að leiðir að úrbótum séu að aðskilja grávatn og svartvatn í lagnakerfi, setja niður tank (skammtímageymslu) fyrir svartvatn sem dælubill tæmir reglulega og að bæta siturbeð vegna grávatns.

### **Umsagnir umsagnaraðila**

Á grundvelli nýrra gagna var umsagna Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra óskað þann 26. mars 2018.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands segir:

„Náttúrufræðistofnun fékk framangreint mál til umsagnar 17. október 2017 og svaraði erindinu 30. sama mánaðar, sjá meðfylgjandi tölvupóst. Í svari Náttúrufræðistofnunar var fallist á viðkomandi framkvæmd á þeim forsendum að ...., ekki er gert ráð fyrir auknu frárennslí vegna viðbyggingarinnar, að hún er í samræmi við samþykkt deiliskipulag og að Skipulagsstofnun telur framkvæmdina ekki tilkynningar skylda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.“ „Par sem þessar forsendur hafa ekki breyst, en til viðbótar er almennt gert ráð fyrir að fara í umbætur á fráveitumálum m.a. frá rekstri í Skútustaðahreppi, fellst Náttúrufræðistofnun á að framkvæmdaleyfi fyrir viðbyggingu gestamóttöku við Vogafjós verði veitt og vonar að ráðist verði í framangreindar umbætur sem fyrst.“

Í umsögn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn segir:

*„Pótt stofnunin hafi áður bent á almennt gildi þess að halda byggingamagni næst Mývatni í lágmarki, eru ekki gerðar athugasemdir við þessa tilteknu byggingu, enda verður að líta á hana sem minni háttar framlengingu á veitingastaðnum Vogafjósi og án skerðinga á útsýni, náttúru eða minjum.“*

Umhverfisstofnun óskaði einnig eftir því við Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra að afstaða sem fram kemur í tölvupósti frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra þann 23. mars 2018 um að ekki séu gerðar athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfis til að byggja 120 fm hús fyrir gestamóttöku og biðsvæði fyrir gesti við Vogafjós; enda verði úrbótum á fráveitum lokið áður en nýbyggingin verður tekin í notkun sé staðfest formlega.

Í svari frá formanni Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra segir:

*„F.h. heilbrigðisnefndar er hér með staðfest að ekki eru gerðar athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfis til að byggja 120 fm hús fyrir gestamóttöku og biðsvæði fyrir gesti við Vogafjós; enda verði úrbótum á fráveitum (svartvatn/grávatn) lokið í samræmi við samþykktu úrbótaáætlun Skútustaðahrepps og Vogafjóss áður en nýbyggingin verður tekin í notkun. Umbótaáætlunin var samþykkt án athugasemda á fundi heilbrigðisnefndar þann 14. mars 2018.“*

### **Áhrifamat**

Líkt og fram kom við fyrri afgreiðslu málsins telur Umhverfisstofnun þá framkvæmd sem sótt er um leyfi fyrir ekki líklega til þess að hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir á verndarsvæði Mývatns og Laxár enda mun byggingin ekki hafa teljandi áhrif á landslag umfram það sem þegar orðið.

Miðað við þær lausnir sem kynntar hafa verið sem mótvægisáðgerðir gegn mögulegri næringarefnamengun af völdum frárennslis frá starfseminni þá telur stofnunin ólíklegt að framkvæmdirnar ógni lífriki Mývatns, þvert á móti ætti bætt hreinsun að draga úr þeirri næringarefnamengun sem fyrir er. Þó ber að hafa í huga að framkvæmdir á viðkvæmum tíma fyrir fugla geta haft áhrif á framvindu fuglavarpss og því skal ekki hefja framkvæmdir á tímabilinu 15. maí – 30. júní.

### **Niðurstaða**

Í ljósi þess að áhrif byggingar móttöku- og biðrýmis við Vogafjós er ekki talin hafa ósættanleg áhrif á lífriki, landslag og jarðmyndanir að mati Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila er leyfi veitt að hálfu Umhverfisstofnunar með eftirfarandi skilyrðum:

- Frárennslí skal meðhöndlað í samræmi við það sem fram kemur í sameiginlegri úrbótaáætlun sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og rekstraraðila vegna fráveitumála í Skútustaðahreppi árin 2018-2021.
- Byggingin skal ekki tekin í notkun fyrr en úrbótum í fráveitumálum er lokið.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um ef brugðið verður útaf þeirri áætlun og þeim gögnum sem kynnt hafa verið stofnuninni í málínu.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um mengunaróhöpp sem kunna að verða við framkvæmdirnar, t.d. ef olíuleki kemur frá vinnuvélum. Við meðhöndlun mengaðs jarðvegs skal farið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um meðferð á olíumenguðum jarðvegi sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar.

- Starfsmenn við framkvæmdina skulu upplýstir um innihald leyfis og skilyrði Umhverfisstofnunar, sérstöðu svæðisins og mikilvægi þess að valda ekki tjóni á náttúrunni.
- Farið skal eftir þeim reglum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012. Jafnframt skal fylgja þeim viðmiðum sem sett eru fram í verndaráætlun Mývatns og Laxár.
- Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdaraðili haldi byggingarstað og umhverfi hans snyrtilegu. Hreinsa skal upp byggingarúrgang ef hann fýkur af byggingarstað.
- Ekki skal hefja framkvæmdir á tímabilinu 15. maí - 30. júní á varptíma fugla.

**Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmd og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá stofnuninni.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Davíð Örvar Hansson  
Sérfræðingur